

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 38/2004**

**frá 23. apríl 2004**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2004 frá 6. febrúar 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 29. lið (tilskipun ráðsins 89/592/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„29a. **32003 L 0006**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) (Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/6/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

**Gjört í Brussel 23. apríl 2004.**

**Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar**  
**Formaður**

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 54 og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls 11.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn                      M. Brinkmann*